

Föstudaginn 13. nóvember 1964.

Nr. 130/1963. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja

og gagnsök (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1963. Eru kröfur hans þessar:

Í aðalsök í héraði: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í framhaldssök í héraði: Að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök í héraði: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 249.736.76 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. apríl 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Gerir hann þessar kröfur:

Í aðalsök í héraði: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 93.762.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í framhaldssök í héraði: Að hann verði dæmdur sýkn af kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök í héraði: Að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfuliðir aðilja verða teknir til athugunar með sama hætti og gert er í héraðsdómi.

I. Í aðalsök í héraði.

1. kröfuliður, kr. 1455.67. Gagnáfrýjandi féll frá þessari kröfu í héraði, og kemur hún því ekki hér til álita.

2. kröfuliður, kr. 86.206.69. Héraðsdómur lækkaði þenna kröfulið um kr. 12.334.50 í kr. 73.872.19. Er gagnáfrýjandi samþykkur þessari lækkun. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að taka síðastnefnda fjárhæð, kr. 73.872.19, til greina.

3. kröfuliður, kr. 19.890.00. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum greiddi aðaláfrýjanda fjárhæð þessa hinn 21. ágúst 1961 sem iðgjaldsstyrk vegna v/b Skaftfellings fyrir árið 1949. Miðaði Samábyrgðin greiðslu sína við það, að fénu yrði ekki varið til annarra nota. Og þar sem aðaláfrýjandi hafði ekki áður greitt iðgjaldið, þá hefur hann með viðtöku greindrar fjárhæðar skuldbundið sig til að skila henni til gagnáfrýjanda. Með þessari athugasemd ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um þenna kröfulið.

Fjárhæðir, sem teknar eru til greina samkvæmt 2. og 3. kröfulið, nema samtals kr. 93.762.19.

II. Í gagnsök í héraði.

1., 2. og 3. kröfuliður. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um sýknu til handa gagnáfrýjanda af kröfum þeim, sem hér greinir.

4. kröfuliður, kr. 12.800.00. Í sambandi við strand v/b Frosta, VE 363, hinn 1. febrúar 1956 var metið, að nýja vindudælu þyrfti að setja í bátinn. Var það gert, og greiddi gagnáfrýjandi verð nýrrar dælu að $\frac{1}{10}$ hlutum, sbr. 8. málsgr. 11. gr. laga nr. 61/1947, sbr. og lög nr. 35/1956. Dæla sú, sem áður var í bátnum, varð eign gagnáfrýjanda að $\frac{1}{10}$ hlutum samkvæmt 73. gr. laga nr. 20/1954. Nú hefur það komið fram, að aðaláfrýjandi hefur nýtt sér hina eldri

dælu að fullu án samráðs við gagnáfrýjanda. Ber honum því að greiða gagnáfrýjanda verð hennar að 10% hlutum, og þykir það hæfilega ákveðið kr. 6.000.00. Samkvæmt því lækkar fjárhæð sú, sem gagnáfrýjandi hefur í reikningum sínum talið aðaláfrýjanda til skuldar af þessum sökum, um kr. 6.800.00. Ber að draga þá fjárhæð frá þeim kr. 93.762.19, sem teknar voru til greina í aðalsök í héraði. Mis-
muninn, kr. 86.962.19, ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda með vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði gagnáfrýjanda, Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 86.962.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 23. júlí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m. og endurupptekið 18. þ. m. og lagt að nýju í dóm þann dag, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins, þeim Ársæli Sveinssyni, Vestmannabraut 68, Jónasi Jónssyni, Urðarvegi 16, Karli Guðmundssyni, Urðarvegi 11, Sighvati Bjarnasyni, Kirkjuvegi 49, og Jóni I. Sigurðssyni, Vestmannabraut 44, öllum í Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 17. janúar 1961, birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20, Vestmannaeyjum, til greiðslu á vangreiddum váttryggingariðgjöldum m. m. til félagsins af v/b Skaftfellingi, VE 33, að upphæð alls kr. 107.552.36, auk 6% ársvaxta af stefnukröfunni frá 1. janúar

1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim tíma 11% til 29. desember 1960, en frá þeim tíma 9% til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Svo krafðist stefnandi lögveðréttar í m/b Skaffellingi, VE 33, fyrir öllum stefnukröfunum. Loks áskildi stefnandi sér allan rétt á hendur stefnda vegna yngri iðgjalda.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara verði kröfurnar lækkaðar til verulegra muna og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Með gagnstefnu, útgefinni 13. febrúar 1961, birtri 14. s. m., höfðaði aðalstefndi gagnsök í málinu og gerði þær réttarkröfur, að gagnstefndi (aðalstefnandi) yrði dæmdur til að endurgreiða oftekin tryggingargjöld, vexti o. fl. af bátum hans, kr. 249.736.96, og enn fremur dæmdur til að greiða tjonbætur út af tjóni, sem m/b Skaffellingur, VE 33, varð fyrir 16. janúar 1959, að fjárhæð kr. 110.215.81. Alls námu kröfurnar í gagnsökinni kr. 359.952.77 ásamt 9% ársvöxtum af kr. 110.215.81 frá 16. janúar 1959 til 1. janúar 1961 og af kr. 359.952.77 frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu í gagnsökinni. Ef kröfur aðalstefnanda í aðalsök yrðu að einhverju leyti teknar til greina, krafðist gagnstefnandi skuldajafnaðar að því marki, en sjálfstæðs dóms um mismuninn.

Gagnstefndi krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og sér tildæmdan ríflegan málskostnað úr hans hendi eftir mati réttarins, m. a. vegna þess að um algerlega tilefnislausu málshöfðun væri að ræða.

Með stefnu, útgefinni 29. maí 1961, birtri 5. júní s. á., höfðaði aðalstefnandi framhaldssök í málinu til greiðslu á vangreiddum tryggingargjöldum m. m. af bátum aðalstefnda:

v/b Gullþóri, VE 39	kr. 82.362.56
v/b Hildingi, VE 3	— 72.369.69
v/b Frosta, VE 363	— 61.103.17
v/b Fjalar, VE 333,	— 63.439.41
v/b Mugg, VE 322	— 9.277.85

Alls kr. 288.552.68

ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krafðist framhaldsstefnandi viðurkenningar á lögveðrétti í nefndum bátum fyrir stefnukröfunum.

Framhaldsstefndi (aðalstefndi) krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í framhaldssökinni og jafnframt að sér yrði tildæmdur hæfilegur og þó ríflægur málskostnaður eftir mati.

Með yfirlýsingu, sem lögð var fram í réttinum 29. marz 1962, féll framhaldsstefnandi frá öllum kröfum sínum í framhaldssök. Kvað hann greiðslur hafa borizt frá Útflutningssjóði fyrir árið 1960 og uppgjör lægi fyrir um bonus og endurgreiðslu vegna hafnarlegu sama ár. Á þenna hátt væru stefnukröfurnar gerðar upp að fullu. Framhaldsstefndi lýsti þá strax yfir, að hann héldi fast við kröfu sína um málskostnað í framhaldssökinni.

Í lok málsins voru kröfur aðalstefnanda og gagnstefnda á þessa leið:

Í aðalsök: Að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 106.096.69 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 22. febrúar 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim tíma til 29. desember 1960 og frá þeim degi 8% ársvexti til greiðsludags. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnda, þar með talin full málsvarnarlaun, eftir mati réttarins. Svo krafðist hann viðurkenningar lögveðréttar í m/b Skaftfellingi, VE 33, fyrir stefnukröfunum.

Í gagnsök: Að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda, þar með talin full málfærslulaun.

Undir rekstri málsins féll gagnstefnandi frá kröfu sinni um bætur vegna tjóns, er Skaftfellingur varð fyrir 16. janúar 1959, kr. 110.215.81, og í lok málsins voru kröfur hans sem aðalstefnda, framhaldsstefnda og gagnstefnanda á þessa leið:

Í aðalsök: Aðallega að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi eftir mati réttarins, en *til vara*, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Í framhaldssök: Að honum verði tildæmdur hæfilegur og þó ríflægur málskostnaður úr hendi framhaldsstefnanda.

Í gagnsök: Að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 249.736.96 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu eftir mati réttarins. Yrðu kröfur aðalstefnanda í aðalsök að einhverju leyti dæmdar, krafðist hann skuldajafnaðar að því marki, en sjálfstæðs dóms um mismuninn.

Um aðalsök. Á árinu 1940 varð aðalstefndi eigandi að m/b Skaftfellingi, VE 33, og var báturinn eftir það gerður út frá

Vestmannaeyjum. Hins vegar var báturinn ekki í tryggingu hjá aðalstefnanda um skeið. Á stríðsárunum var báturinn í ís-fiskflutningum til Bretlands, og að stríði loknu var hann um tíma í flutningum innanlands, en jafnframt gerður út á fisk-veiðar öðru hverju.

Sumarið 1949 var báturinn á síldveiðum fyrir Norðurlandi. Hinn 9. júlí um sumarið kom upp eldur í bátnum, sem áhöfn-inni tókst ekki að ráða við. V/b Helga, RE 49, kom á vettvang, og að nokkrum tíma liðnum tókst áhöfnum beggja skipanna að ráða niðurlögum eldsins. Eigendur v/b Helgu gerðu kröfu til björgunarlauna, en aðalstefnandi vísaði kröfunni á bug, vegna þess að báturinn væri ekki tryggður hjá félaginu. Höfðuðu eigendur v/b Helgu þá mál gegn aðalstefnda. Lauk því með hæstaréttardómi, uppkveðnum 23. marz 1953, og var aðalstefndi dæmdur til greiðslu björgunarlauna ásamt vöxtum og kostnaði. Nam þetta samtals kr. 68.716.88, er aðalstefndi varð að greiða. Höfðuði hann síðan mál gegn aðalstefnanda til greiðslu þessarar fjárhæðar. Dómur gekk í málinu í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 19. marz 1957, og var aðalstefnandi dæmdur til að greiða kr. 61.845.19 ásamt vöxtum og kostnaði. Var dómurinn á því byggður, að aðalstefnanda hefði verið skylt að tryggja bátinn á þeim tíma, er tjónið átti sér stað. Dóminum var ekki áfrýjað.

Að sögn aðalstefnanda bárust félaginu fyrst hinn 22. marz 1950 tilmæli um að taka bátinn í tryggingu. Var það þegar samþykkt, og í bókum aðalstefnanda er báturinn talinn tryggður frá þeim degi og tryggingariðgjald fært aðalstefnda til skuld- ar þann dag. Var báturinn svo ágreiningslaust í tryggingu hjá aðalstefnanda fram á árið 1958. Þá sagði aðalstefnandi trygging- unni upp frá 22. marz 1958 að telja. Risu af þessu málaferli milli aðilja. Dómur undirréttar gekk aðalstefnda í vil, en dómur Hæstaréttar, uppkveðinn 14. marz 1961, mat uppsögnina gilda. Samkvæmt því féll váttryggingarábyrgð aðalstefnanda á bátnum niður þann 22. marz 1958.

Þegar liðið var fram á árið 1957, krafðist aðalstefndi fjár- náms hjá aðalstefnanda til tryggingar dómkröfu sinni frá 17. marz 1957. Samkvæmt reikningum aðalstefnanda var aðalstefndi þá í allmikilli skuld vegna vangreiddra iðgjalda af bátum o. fl. Ætlaðist hann til, að dómkrafan yrði greidd með skuldajöfnuði, og færði kröfuna aðalstefnda til tekna á viðskiptareikningi báts- ins hinn 6. desember 1957. Nam hún þá með vöxtum og kostn- aði samtals kr. 82.206.69. Aðalstefndi vildi ekki hlíta þessu og

hélt fjárnámsgerðinni áfram. Gekk úrskurður í fógatarétti Vestmannaeyja 13. marz 1958, og var synjað um framgang gerðarinnar, þar eð dómkrafan hefði þegar verið greidd með skuldajöfnuði. Málið fór fyrir Hæstarétt, og gekk þar dómur 14. desember 1960. Var úrskurður fógataréttar felldur úr gildi og lagt fyrir fógeta að framkvæma fjárnámið, þar eð ekki væri í ljós leitt, að aðalstefnandi hefði haft aðfararhæfar lögtakskröfur, sem heimilt væri að skuldajafna við dómkröfur aðalstefnda. Aðalstefndi framseldi síðan dómkröfuna til Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, sem innheimti hana hjá aðalstefnanda.

Um áramótin 1957/1958 sýndi viðskiptareikningur aðalstefnanda skuld aðalstefnda vegna bátsins kr. 1.455.67. Hafði umrædd dómkrafa þá verið færð aðalstefnda til tekna, eins og áður segir. Er Hæstiréttur hafði hafnað rétti aðalstefnanda til skuldajafnaðar, höfðaði hann málið, sem hér liggur fyrir, og gerði þær dómkröfur, sem fyrr getur.

Kröfur aðalstefnanda voru upphaflega fengnar út á þenna hátt:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Skuld á viðskiptareikningi | kr. 1.455.67 |
| 2. Ofangreind dómkrafa, sem falla skyldi út af tekjulið reikningsins samkvæmt hæstaréttardóminum | — 86.206.69 |
| 3. Tryggingariðgjald af Skaftfellingi fyrir árið 1949 | — 19.890.00 |

Kr. 107.552.36

Undir rekstri málsins var upplýst, að með dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 15. júní 1959, og síðan með hæstaréttardómi, uppkveðnum 10. marz 1961, hafði fyrsti liðurinn, kr. 1.455.67, verið skuldajafnaður við aðra kröfu aðalstefnda á hendur aðalstefnanda vegna v/b Skaftfellingis. Lækkaði stefnandi því kröfu sína um þessa fjárhæð.

Á árinu 1951 greiddi Samábyrgð Íslands aðalstefnanda tryggingariðgjald Skaftfellingis fyrir árið 1949, kr. 19.890.00, með því að færa iðgjaldastyrk bátsins aðalstefnanda til tekna á viðskiptareikningi hans við Samábyrgðina. Í bókum sínum lét aðalstefnandi fjárhæðina ganga upp í tryggingariðgjald bátsins fyrir árið 1950, enda viðurkenndi hann þá ekki, að sér hefði verið skylt að tryggja bátinn fyrir þann tíma. Hann krefst nú greiðslu á iðgjaldinu og telur sig eiga fullan rétt til þess, þar eð dómur hefðu gengið á þann veg, að hann hefði borið vátryggingar-

ábyrgð á bátnum árið 1949. Aðalstefndi kveður iðgjaldið greitt, en auk þess sé það fyrnt fyrir löngu og sé því ekki lögmæt krafa.

Fyrir liggur í málinu kvittun, dags. 21. ágúst 1961, undirrituð af aðalstefnda. Viðurkennir hann þar að hafa þann dag móttekið frá Samábyrgð Íslands iðgjaldsstyrk m/b Skaftfellings fyrir árið 1949, kr. 19.890.00.

Tryggingariðgjald Skaftfellings var hið sama árið 1949 og 1950, og iðgjaldastyrkurinn nam fullri iðgjaldaupphæð bæði árin. Aðalstefnandi fékk aðeins iðgjaldastyrkinn fyrir annað árið og ráðstafaði honum upp í iðgjaldið 1950, eins og áður er lýst. Svo virðist sem Samábyrgðin hafi fallizt á þessa ráðstöfun, enda er upplýst, að hinn 21. ágúst 1961 greiddi Samábyrgðin aðalstefnda iðgjaldastyrk m/b Skaftfellings, VE 33, fyrir árið 1949 með kr. 19.890.00. Kvittun aðalstefnda liggur fyrir í málinu. Ósannað er, að aðalstefndi hafi innt tryggingariðgjaldið af hendi, og átti því iðgjaldastyrkurinn að renna til aðalstefnanda. Þar eð aðalstefndi hefur hins vegar veitt honum móttöku, eins og nú hefur verið lýst, þykir bera að taka þenna kröfulið til greina.

Hinn hluti kröfunnar í aðalsök er eftirstöðvar annarra iðgjalda m. m., sem til féllu fyrir 22. marz 1958 og ekki hafa sætt sérstökum athugasemdum frá hálfu aðalstefnda umfram það, sem fram kemur í gagnsök hans. Af framlögðum reikningum aðalstefnanda er þó ljóst, að aðalstefnda hafa borið eftirfarandi uppþætur:

Bónus 1949	kr. 4.972.50
Bónus 1957	— 7.362.00

Kr. 12.334.50

Báða þessa liði þykir bera að draga frá aðalkröfunni, og lækkar hún því niður í kr. 93.762.19 (kr. 106.096.69 ÷ kr. 12.334.50).

Um gagnsök. Í gagnsökinni gerir gagnstefnandi kröfu til að fá tildæmdar ýmsar fjárhæðir, sem gagnstefndi hefur fært honum til skuldar á viðskiptareikningi báta hans. Sundurliðast gagnkrafan þannig:

V/b *Fjalar*, VE 333.

Rangskuldaðir vextir 1955	1.333.26
Rangskuldaðir vextir 1956	3.362.54
Rangskuldaðir vextir 1957	2.613.03

Rangskuldaðir vextir 1958	2.265.16	
Rangskuldaðir vextir 1959	2.544.08	
Oftekið iðgj., 5.88% í stað 5% 1959		8.302.82	
Sama af aukavirðingu 1959	22.18	
Sama af aðalvirðingu 1960	9.717.84	
30% iðgj.hækkun 1/3—31/12 1960		17.343.46	kr. 47.510.37

V/b Frosti, VE 363.

Rangskuldaðir vextir 1955	1.699.31	
Rangskuldaðir vextir 1956	2.080.03	
Rangskuldaðir vextir 1957	2.386.44	
Rangskuldaðir vextir 1958	1.836.38	
Rangskuldaðir vextir 1959	1.631.33	
Rangskulduð dæla 12/7 1958	12.800.00	
Ofreiknað tryggingargjald 1959	..	196.02	
Sama, 5.88% í stað 5%, 1959	262.94	
Sama 1960	9.511.92	
30% iðgjaldahækkun 1960	15.889.23	— 48.293.60

V/b Gullþórir, VE 39.

Rangskuldaðir vextir 1959	2.661.63	
Oftekið iðgj., 5.88% í stað 5%, 1959		19.521.60	
Sama, 1960	18.247.68	
30% iðgjaldahækkun 1960	30.481.72	— 70.912.83

V/b Hildingur, VE 3.

Rangskuldaðir vextir 1956	1.946.86	
Rangskuldaðir vextir 1957	1.364.09	
Rangskuldaðir vextir 1958	1.666.82	
Rangskuldaðir vextir 1959	1.917.74	
Ofreikn. iðgj., 5.88% í stað 5%, '59		10.002.89	
Sama 1959	758.23	
Sama 1960	13.083.84	
30% iðgjaldahækkun 1960	21.855.96	— 52.596.43

V/b Muggur, VE 322.

Rangskuldaðir vextir 1959	903.14	
Ofreikn. iðgj., 5.88% í stað 5%, '59		5.261.59	
Sama 1960	5.306.40	
30% iðgjaldahækkun 1960	8.864.10	— 20.335.23

V/b Skaftfellingur, VE 33.

30% iðgjaldahækkun 1960 10.088.50 — 10.088.50

Samtals kr. 249.736.96

Gagnstefndi eða Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefur lagt fram viðskiptareikninga umræddra báta undanfarin ár. Ábyrgðargjald eða iðgjald er fært til skuldar í byrjun hvers ábyrgðartímabils, en innborganir frá Útflutningssjóði koma til tekna á næsta ári, sama er að segja um bonus og endurgreiðslur vegna hafnarlegu. Vextir eru reiknaðir af skuld bátsins, eins og hún er á hverjum tíma, 3% p. a. Oftast sýna reikningarnir allmikla skuld í lok hvers árs. Í árslok 1960 nam skuld bátanna, að Skaftfellingi undanskildum, samtals kr. 288.552.68, eins og áður er getið í sambandi við framhaldssökina. Í árslok 1962 námu skuldir bátanna þessum fjárhæðum samkvæmt reikningum:

V/b Fjalar	kr. 107.097.28
V/b Frosti	— 94.865.75
V/b Gullþórir	— 64.927.25
V/b Hildingur	— 93.579.85
V/b Muggur	— 25.390.88
V/b Skaftfellingur	— 212.450.01

Alls kr. 598.311.02

Gagnstefnandi hefur samið og lagt fram sundurliðaða reikninga yfir viðskipti báta sinna við gagnstefnda frá ársbyrjun 1955 til 1. janúar 1961. Sýna þeir flestir skuld hans, enda tekur hann jafnframt fram, að inn á reikningana vanti greiðslur frá Útflutningssjóði vegna ársins 1960 og bonus og hafnarlegur sama ár. Reikningarnir virðast samdir eftir reikningum gagnstefnda, en m. a. með þeirri breytingu, að felldir eru burtu allir þeir liðir, sem fram koma í gagnkröfunum, og greiðslur frá Útflutningssjóði, bonus og hafnarlegur eru ekki færðar eftir á, heldur í lok viðkomandi árs. Þó er ekki svo um árið 1960, eins og áður segir.

Í gagnsökinni gerir gagnstefnandi kröfu til að fá greitt allt það, sem hann telur rangfært eða offært í reikningum gagnstefnda. Eins og framanrituð sundurliðun ber með sér, er hér um að ræða vexti af reikningslegri skuld bátanna á hverjum tíma, hærri iðgjaldaprósentu en mælt er fyrir um í lögum bataábyrgðarfélagsins og 30% hækkun á iðgjöldum vegna samsvar-

andi hækkunar á tryggingarverði bátanna. Einnig telur gagnstefnandi, að m/b Frosti sé ranglega skuldaður fyrir andvirði dælu, kr. 12.800.00. Í samræmi við það, er nú hefur verið sagt, sundurliðast gagnkröfurnar þannig:

1. Ranglega teknir vextir	kr. 32.211.84
2. Oftekið iðgjald vegna of hárra ið- gjaldaprósenta	— 100.201.95
3. 30% iðgjaldahækkun vegna tilsvareandi hækkunar á tryggingarverði	— 104.522.97
4. Andvirði dælu	— 12.800.00

Samtals kr. 249.736.76

og er það 20 aukum lægra en heildarkrafa gagnstefnanda, er stafar af samlagningarskekkju í kröfum hans, varðandi m/b Gullþóri. Jafnframt skal þess getið, að á því tímabili, sem hér um ræðir, eru vextir 3.000 kr. hærri í reikningum gagnstefnda heldur en vaxtakrafa gagnstefnanda nemur.

Um vaxtakröfuna. Gagnstefndi heldur því fram, að í mörg undanfarin ár hafi verið venja að reikna 3% ársvexti af skuldum félagsmanna, eins og þær eru á hverjum tíma, og færa þeim til skuldar á viðskiptareikningum þeirra. Hjá öðrum bátaábyrgðarfélagum var ekki sami háttur hafður á, og samkvæmt fyrirbyggjandi vottorði frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna var gagnstefndi eina tryggingarfélagið á landinu, sem reiknaði vexti af iðgjöldum, sem ekki voru greidd á réttum gjalddögum á árinu 1961 og 1962. Þrátt fyrir það munu váttryggingarkjör ekki hafa verið lakari, heldur betri en hjá öðrum bátaábyrgðarfélagum, iðgjöld lægri og bonus hærri, og jafnframt tekið tillit til uppi-
stöðutíma og hafnarlegu. Að sögn gagnstefnda liðu svo mörg ár, að félagsmenn hreyfðu engum andmælum gegn vöxtum, er þeim var gert að greiða, og ársreikningar félagsins jafnan samþykktir á aðalfundum án nokkurra athugasemda, að því er vextina snerti. En á aðalfundi 8. desember 1962 báru fjórir félagsmenn fram þá tillögu, að allir dráttarvextir vegna iðgjaldagreiddslu verði frá byrjun felldir niður og þeir endurgreiddir félagsmönnum. Tillaga þessi var ekki borin undir atkvæði, því að breytingartillaga kom fram, sem var á þá leið, að framvegis verði ekki reiknaðir viðskiptavextir af iðgjaldi viðkomandi árs fyrstu 12 mánuðina eftir gjalddaga. Hlaut breytingartillagan samþykki með 27 atkvæðum gegn 1. Samþykkt tillögunnar ber með sér, að félags-

menn hafa ekki viljað, að horfið yrði að því ráði að fella vexti af iðgjöldum algerlega niður, heldur aðeins að útreikningi þeirra yrði hagað á annan veg í framtíðinni.

Ganga virðist mega út frá, að um mörg ár hafi vextir verið færðir félagsmönnum til gjalda á þann hátt, sem lýst hefur verið, án þess félagsfundir hreyfðu andmælum. Að lögum gagnstefnda er ekkert við það að athuga, þótt vextir væru teknir, og vegna langrar venju áttu félagsmenn ekki heimtingu á niðurfellingu eða endurgreiðslu þeirra, nema því aðeins að fyrir lægi heimild félagsfundar. Slík heimild er ekki fyrir hendi, og verða því kröfur gagnstefnanda samkvæmt þessum lið ekki teknar til greina.

Um oftekið iðgjald vegna of hárrar iðgjaldaprósentu.

Samkvæmt 10. gr. laga gagnstefnda, sem voru í gildi frá 1. janúar 1950 til 30. desember 1961, skulu ársiðgjöld félagsmanna vera 5% af ábyrgðarupphæðinni (tryggingarverðinu). Þessari reglu var fylgt fram á árið 1958. En 1. ágúst það ár voru iðgjöldin hækkuð. Gekk það þannig til, að þegar Samábyrgð Íslands, sem hefur með höndum endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélögin og endurtryggir síðan erlendis, ætlaði að endurnýja endurtryggingarsamning bátaflotans 1. ágúst 1958, reyndust hinir erlendu endurtryggjendur ófánlegir til þess að endurnýja samninginn óbreyttan vegna óhagstæðrar útkomu trygginganna og kröfðust í fyrstu 25% iðgjaldahækkunar. Síðar komust þó á samningar um 17½% hækkun.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 61/1947 skulu iðgjöld bátaábyrgðarfélaga á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tilögum Samábyrgðarinnar og starfandi váttryggingarfélaga fiskiskipa. Samábyrgðin fór nú þess á leit við Sjávarútvegsmálaráðuneytið, að það leyfði hækkun ársiðgjalda bátaábyrgðarfélaganna, sem svaraði hækkun erlendra endurtrygginga. Ráðuneytið veitti samþykki sitt og tilkynnti það Samábyrgðinni með bréfi, dags. 22. september 1958. Samábyrgðin tilkynnti gagnstefnda þetta með bréfi, dags. 2. október 1958. Allöngu síðar eða 20. marz 1959, skrifaði Samábyrgðin gagnstefnda enn um þetta mál og tók fram, að öll váttryggingariðgjöld fiskibáta hækki frá og með 1. ágúst 1958 um 17½%, og bætti síðan við: Samkvæmt þessu eiga öll endurtryggingariðgjöld yðar til vor af þeim tryggingum, sem hefjast 1. ágúst 1958, að hækka um 17½%. Í samræmi við þessar ákvarðanir hækkaði gagnstefndi ársiðgjöldin upp í 5.88% af nýtryggingum frá 1. ágúst 1958, en af eldri tryggingum frá 1. janúar 1959.

Stjórn gagnstefnda reyndi brátt að fá heimild til að lækka iðgjöldin aftur. Sneri hún sér til stjórnar Samábyrgðarinnar í þessu skyni, en fékk í fyrstu daufar undirtektir. Þó varð úr, að hinn 13. janúar 1961 sneri Samábyrgðin sér skriflega til Sjávarútvegsmálaráðuneytisins og bar fram tilmæli gagnstefnda um lækkun. Sjávarútvegsmálaráðuneytið varð við þeirri beiðni og samþykkti lækkun iðgjalda úr 5.88% niður í 5.50% með bréfi, dags. 17. janúar 1961. Lækkunin virðist strax hafa komið til framkvæmda.

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að hækkun iðgjaldanna hafi verið andstæð félagslögum og heimildarlaus með öllu. Gagnstefndi hafi aðeins haft heimild til að taka 5% af tryggingarverði í ársiðgjöld og ekkert þar fram yfir. Kveðst gagnstefnandi því eiga heimtingu á að fá hækkunina endurgreidda, eins og hann gerir kröfu til í máli þessu.

Með lögum er ráðuneytinu falið að ákveða upphæð iðgjalda, er félagsmenn skulu greiða til bátaábyrgðarféлага, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og viðkomandi féлага. Á þetta einnig við um gagnstefnda eða Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Lög félagsins, sem giltu á þessum tíma, höfðu verið staðfest af ráðuneytinu og þar á meðal ákvæðið um ársiðgjaldið. Að því er þetta ákvæði snertir, felst í staðfestingunni ekki annað né meira en það, að miðað við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, er staðfestingin fór fram, skuli ársiðgjaldið nema nefndri prósentutölu. Við breyttar aðstæður gat ráðuneytið ákveðið annað ársiðgjald. Hækkun iðgjaldanna stafaði af breyttum aðstæðum og var komið á fyrir tilstilli Samábyrgðarinnar með samþykki félagsstjórnar og án þess að félagsfundir í B. V. hreyfðu andmælum. Urðu allir félagsmenn í B. V. bundnir við þessa ákvörðun, og áttu einstakir félagsmenn ekki rétt til sérstöðu að þessu leyti. Kröfur gagnstefnanda samkvæmt þessum lið eiga því ekki rétt á sér og verða ekki teknar til greina.

30% iðgjaldahækkun vegna samsvarandi hækkunar á tryggingarverði.

Með bréfi til gagnstefnda, dags. 20. júní 1958, óskaði gagnstefnandi eftir, að tryggingarverð báta sinna, Fjalars, Frosta, Hildings, Muggs og Skafffellings, yrði hækkað vegna breytinga á verðlagi. Tilmælum þessum var ekki sinnt fyrst um sinn, en tryggingarverð báta hans ákveðið eftir þeim matsreglum, sem

þá var farið eftir og á sama veg og annarra báta, sem þá voru tryggðir hjá gagnstefnda.

Vegna verðfalls peninga, sem stafaði af gengisbreytingu, er kom til framkvæmda 1. marz 1960, ákvað Sjávarútvegsmálaráðuneytið eftir tillögum frá Samábyrgð Íslands, að mat á fiskiskipum og þar með tryggingarverð þeirra mætti hækka um 30% frá 1. marz 1960. Var Samábyrgðinni tilkynnt þetta með bréfi, dags. 4. ágúst 1960, og óskaði ráðuneytið jafnframt eftir, að Samábyrgðin annaðist um tilkynningu á þessari ákvörðun til bátaábyrgðarfélaganna. Samábyrgðin skrifaði gagnstefnda 9. ágúst 1960 og kvaðst senda ljósmynd af bréfi ráðuneytisins, „þar sem ákveðið er, að váttryggingarmat skipa skuli hækka um 30% frá 1. marz 1960“. Gagnstefndi hlýddi þessum fyrirmælum og hækkaði um 30% mat og tryggingarverð allra báta, sem tryggðir voru hjá félaginu. Gekk hið sama yfir báta gagnstefnanda sem annarra. Þessar aðgerðir gagnstefnda voru að öllu leyti löglegar og bindandi fyrir alla félagsmenn og þar á meðal gagnstefnanda. Kröfur gagnstefnanda samkvæmt þessum lið eiga því ekki heldur rétt á sér og verða ekki teknar til greina.

Andvirði dælu. V/b Frosti strandaði á Vestur-Landeyjarsandi 1. febrúar 1956 og varð fyrir miklum skemmdum. Mat fór fram á skemmdunum, og 20. marz 1957 lét gagnstefndi færa gagnstefnanda til tekna kr. 126.579.00, sem voru bætur samkvæmt matinu. Innifalið í upphæðinni var andvirði nýrrar spildælu, kr. 22.870.00, þar eð dælan, sem fyrir var, var metin ónýtt. Gagnstefnandi hirti hins vegar dæluna og lét gera við hana og setja hana síðan í samband við línuspil í v/b Fjalari. Gagnstefndi telur sig hins vegar hafa orðið eiganda hennar, um leið og hann greiddi gagnstefnanda andvirði nýrrar dælu. Telur hann því, þar sem gagnstefnandi hagnýtti sér dæluna, að honum beri að greiða andvirði hennar, og hefur fært það honum til skuldar með kr. 12.800.00. Upphæðina fær hann þannig út, að frá matsverði dregur hann viðgerðarkostnað, sem hann áætla kr. 10.000.00.

Gagnstefnandi telur sér algerlega óskyld að greiða fyrir dæluna og sé upphæðin ranglega færð honum til skuldar á viðskiptareikningi gagnstefnda. Mótmælti hann færslunni þegar 4. nóvember 1957 með bréfi, dags. þann dag, en þeim mótmælum var ekki sinnt.

Færsla þessi virðist að ýmsu leyti athugaverð. Samkvæmt lögum nær váttryggingarábyrgð gagnstefnda aðeins til 9/10 hluta

af vátryggingarverði, en afgangurinn er í sjálfstryggingu. Þessa virðist ekki hafa verið gætt, er upphæðin var ákveðin. Viðgerðarkostnaðurinn er áætlaður og engin gögn til, sem sýni fram á, að sú áætlun láti nærri lagi. Dælan hafði verið metin ónýt af virðingarmönnum gagnstefnda, og ósennilegt verður að teljast, að sannvirði hennar hafi numið andvirði nýrrar dælu, að frá-dregnum viðgerðarkostnaði. Ákvörðun upphæðarinnar virðist samkvæmt þessu byggð á svo ótraustum grunni, að ekki þykir fært að samþykkja hana, enda hafði gagnstefnandi mótmælt færslunni, jafnskjótt og tilefni var til. Ekki virðast heldur vera fyrir hendi skilyrði til að ákveða aðra fjárhæð. Færslan verður því niður felld, og krafa gagnstefnanda tekin til greina, að því er þenna lið varðar.

Niðurstaða gagnsakar er því sú, að af kröfum gagnstefnanda eru teknar til greina kr. 12.800.00, sem dregnar verða frá kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Eins og áður er fram tekið, bar aðalstefnda að greiða kr. 93.762.19 af kröfum aðalsakar. Frá þeirri fjárhæð ber að draga samkvæmt gagnsök kr. 12.800.00. Niðurstaðan verður því sú, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 80.962.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök, framhaldssök og gagnsök verður ákveðinn í einu lagi. Þykir eftir atvikum rétt, að aðalstefndi og gagnstefnandi greiði aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 5.000.00 í málskostnað.

Krafa aðalstefnanda um lögveðrétt í m/b Skattfellingi er ekki tekin til greina, þar eð lögveðréttur er niður fallinn.

Dómsorð:

Aðalstefndi og gagnstefnandi, Helgi Benediktsson, greiði aðalstefnanda og gagnstefnda, Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 80.962.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
